

SAMÞYKKTIR

FYRIR

Reiknistofu bankanna hf.

1	HEITI FÉLAGSINS, HEIMILI OG TILGANGUR	2
2	HLUTAFÉ FÉLAGSINS	2
3	STJÓRNSKIPULAG	4
4	HLUTHAFAFUNDIR	4
5	STJÓRN FÉLAGSINS	8
6	STJÓRNARKJÖR	8
7	VERKASKIPTING STJÓRNAR	8
8	VIÐFANGSEFNI STJÓRNAR	9
9	STJÓRNARFUNDIR	9
10	FORSTJÓRI	10
11	REIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN	10
12	EIGIÐ HLUTAFÉ FÉLAGSINS	10
13	BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS	10
14	SLIT Á FÉLAGINU	10
15	SAMRUNI OG SKIPTING	10
16	ÖNNUR ÁKVÆÐI	10

Útg. 23. mars 2023

SAMÞYKKTIR

fyrir hlutafélagið

Reiknistofa bankanna hf.

1 Heiti félagsins, heimili og tilgangur

- 1.1 Heiti félagsins er Reiknistofa bankanna hf.
- 1.2 Félagið er hlutafélag.
- 1.3 Tilgangur félagsins er að efla öryggi og tryggja skilvirkni í rekstri fjármálainnviða með staðlaðri framkvæmd og uppgjöri greiðslumiðlunar og þannig stuðla að hagkvæmara umhverfi fjármálastofnana og efla samkeppnishæfni innlánsstofnana.

2 Hlutafé félagsins

Hlutafé – hlutir - atkvæði

- 2.1 Hlutafé félagsins er kr. 119.999.998 (eitt hundrað og nítján milljónir níu hundruð níutíu og níu þúsund níu hundruð níutíu og átta krónur).
- 2.2 Hver hlutur er ein króna.
- 2.3 Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu.

Skilyrði hlutafjáreignar

- 2.4 Einungis fjármálafyrirtæki, sem hafa starfsleyfi sem viðskiptabankar eða sparisjóðir (innlánsstofnanir), auk Seðlabanka Íslands og félaga sem eru 100% í hans eigu geta átt eignarhlut í félaginu.

Aukning hlutafjár

- 2.5 Hluthafafundur einn getur samþykkt aukningu hlutafjár í félaginu, hvort heldur með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta.

Hlutabréf - hlutaskrá

- 2.6 Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Hlutaskrá samkvæmt ákvæðum fyrrnefndra laga skal skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu.

- 2.7 Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.
- 2.8 Hlutaskrá skal vera aðgengileg öllum hluthöfum félagsins á skrifstofu þess. Þá skal félaginu heimilt að senda hluthöfum hlutaskrána með tölvupósti óski hluthafar þess.
- 2.9 Hluthafi ber ábyrgð á því að hlutaskrá geymi réttar upplýsingar um hann, að frátöldum þeim upplýsingum sem hægt er að sækja um hluthafann í Þjóðskrá.
- 2.10 Eigendaskipti að hlutum skal ávallt tilkynna félaginu jafnskjótt og þau fara fram. Ber félagið enga ábyrgð á því ef greiðslur misfarast eða hagsmunir fara forgörðum vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna um eigendaskipti.

Sala hluta og eigendaskipti

- 2.11 Hluthöfum er einungis heimilt að selja hluti sína í félaginu til félagsins, annarra hluthafa eða aðila sem tilgreindir eru í grein 2.4.

Aðkoma nýrra hluthafa

- 2.12 Vilji aðili, sem tilgreindur er í gr. 2.4. og er ekki hluthafi, kaupa eignarhlut í félaginu skal honum heimilt að kaupa hluti í félaginu í samræmi við umfang hans í millibankagreiðslumiðlun og þannig að: a) félagið selur eigin bréf, b) gefið er út nýtt hlutafé vegna kaupanna, c) sambland af a) og b) eða d) hluthafi, einn eða fleiri, selur nýjum aðila eignarhlut sinn að hluta eða í heild. Ef fleiri en einn hluthafi selur nýjum aðila skal sala hvers um sig vera í hlutfalli við eignarhald í félaginu.

Framsal eignarhluta

- 2.13 Hyggist hluthafi selja eignarhlut sinn í félaginu í heild eða að hluta skal honum einungis heimilt að selja hlutina til félagsins, annarra hluthafa eða aðila sem tilgreindir eru í gr. 2.4
- 2.14 Vilji fleiri en einn hluthafi kaupa hlutina skal hið selda skiptast niður í hlutfalli við eign þeirra í félaginu, nema þeir semji um annað eða framsal sé í tengslum við aðkomu nýrra aðila, sem uppfylla skilyrði í gr. 2.4., að félaginu.

Bann við veðsetningu

- 2.15 Óheimilt er að veðsetja hluti í félaginu nema með samþykki stjórnar félagsins.

Réttindi og skyldur hluthafa

- 2.16 Hluthafar eru skyldir, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar af þeirra hálfu, að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru nú eða síðar kann að verða breytt á lögumættan hátt. Hluthafar verða ekki, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutafjáreign sína í félaginu og eigi heldur að sæta innlausn á hlutum sínum, nema lög standi til annars. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu,

nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggerningi. Þessu ákvæði verður hvorki breytt né heldur felld niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

2.17 Engin sérréttindi fylgja neinum hlut í félaginu.

Samskipti við hluthafa

2.18 Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og tölvupósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem skylt er að senda eða félagsstjórn ákveður að send skuli hluthöfum. eru slík rafræn samskipti, þar sem notast er við tölvupóst og eftir atvikum PDF skjöl eða sambærileg rafræn skjöl sem hægt er að prenta út, jafngild samskiptum rituðum á pappír og teljast fullnægjandi án tillits til formkrafna laga um hlutafélög, þ.m.t. þegar gerð er krafa um að tilkynning sé send með sannanlegum hætti, sbr. þó 5. mgr. 80 gr. b. hlutafélagalaga.

2.19 Samskipti félagsins og hluthafa samkvæmt grein 2.18 skulu eiga sér stað með þeim hætti að senda skal tölvupósta og eftir atvikum rafræn skjöl á það netfang sem félagið annars vegar og hluthafar hins vegar hafa gefið upp til rafrænna samskipta í samræmi við ákvörðun hluthafafundar þar um („uppgefið netfang“). Staðfesting á að tölvupóstur og/eða rafrænt skjal hafi verið sent á uppgefið netfang telst jafngilda staðfestingu á móttöku viðtakanda. Hluthafi ber ábyrgð á að upplýsingar félagsins um uppgefið netfang hans séu réttar hverju sinni og skal umsvifalaust tilkynna félaginu um breytingar á uppgefnu netfangi. Sama gildir um félagið gagnvart hluthöfum. Ber félagið enga ábyrgð á því ef tilkynningar misfarast eða hagsmunir fara forgörðum vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna um breytingu á uppgefnu netfangi.

2.20 Upplýsingar um framkvæmd rafrænna samskipta félagsins og hluthafa og kröfur til tæknibúnaðar í því sambandi eru tæmandi taldar í greinum 2.18 og 2.19 samþykktu þessara.

3 Stjórnskipulag

3.1 Með stjórnun félagsins fara:

1. Hluthafafundir.
2. Stjórn félagsins.
3. Forstjóri.

4 Hluthafafundir

4.1 Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

Réttur til þátttöku

4.2 Rétt til setu á hluthafafundum hafa hluthafar og ráðgjafar þeirra, umboðsmenn hluthafa, endurskoðendur félagsins og forstjóri, þótt ekki sé hluthafi. Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

4.3 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað. Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur

búnaður til að gefa hluthöfum kost á að taka þátt í fundarstörfum með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað og ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði.

- 4.4 Hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræna þátttöku skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um með 5 daga fyrirvara og leggja þar fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.
- 4.5 Hluthafar skulu hafa aðgengi að leiðbeiningum um þátttöku í hluthafafundi með rafrænum hætti ásamt aðgangsorði og nauðsynlegum hugbúnaði til slíkrar þátttöku. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tölvuforrit undirskrift viðkomandi hluthafa og telst viðurkenning á þátttöku hans í hluthafafundinum.

Rafrænir hluthafafundir

- 4.6 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt.
- 4.7 Telji stjórn gerlegt að halda fundinn eingöngu rafrænt með viðeigandi búnaði og gefa hluthöfum þannig kost á þátttöku í fundarstörfum og atkvæðagreiðslu skal í fundarboði koma fram upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um það hvernig hluthafar tilkynni um rafræna þátttöku sína og hvar þeir nálgist upplýsingar, leiðbeiningar og aðgangsorð til þátttöku í fundinum. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tölvuforrit undirskrift viðkomandi hluthafa og telst viðurkenning á þátttöku hans í hluthafafundinum.

Atkvæðagreiðsla utan fundar

- 4.8 Ef stjórn telur ekki framkvæmanlegt að hluthafar taki þátt í hluthafafundi rafrænt skal hluthöfum gefinn kostur á að greiða atkvæði um tillögur eða taka þátt í kosningum bréflaga. Setur stjórn reglur um framkvæmd slíkrar kosningar.

Umboð

- 4.9 Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu.
- 4.10 Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar, hvort heldur sem fyrr er.

Lögmæti hluthafafunda

- 4.11 Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar, ef löglega er til hans boðað.

Aðalfundur

- 4.12 Aðalfundur skal halda innan átta mánaða frá lokum reikningsárs ár hvert. Aðalfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðrir hluthafafundir samkvæmt gr. 4.16 og 4.17.

Dagskrá aðalfundar

4.13 Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
3. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar.
4. Tillögur stjórnar félagsins um starfskjarastefnu.
5. Kosning stjórnar félagsins, sbr. gr. 5.1.
6. Kosning endurskoðanda, sbr. gr. 11.1.
7. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá skv. gr. 4.20, sbr. 4. mgr. 88. gr. hlutafélagalaga.
8. Önnur mál.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um lið 2 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

A.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund (nema boðunarfrestur sé skemmri) skulu ársreikningur félagsins, skýrsla stjórnar, skýrsla endurskoðanda og tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins lögð fram hluthöfum til sýnis á á skrifstofu félagsins.

Boðun hluthafafunda

- 4.14 Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörinn endurskoðandi eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárins, krefjast þess skriflega og greina fundarefni.
- 4.15 Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin er stjórninni skylt að boða til fundar innan 14 daga frá því henni barst krafan. Hafi félagsstjórn eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að til fundarins verði boðað samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 87. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.
- 4.16 Hluthafafundir skulu boðaðir með auglýsingu í fjölmiðlum eða með rafrænum hætti.

Boðunarfrestur

- 4.17 Hluthafafundir skulu boðaðir með skemmst einnar viku fyrirvara en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Aðalfundur skal þó boðaður með minnst tveggja vikna fyrirvara. Þó má halda hluthafafund sem boðaður er með skemmst einnar viku fyrirvara ef hluthafar, sem ráða yfir a.m.k. 90% af hlutafé í félaginu, samþykkja það fyrirfram skriflega.
- 4.18 Fundarefnis skal getið í fundarboði.
- 4.19 Ef taka á til meðferðar á fundi tillögu um breytingar á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Tillögur frá hluthöfum

- 4.20 Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega kröfu til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Dagskrá

- 4.21 Dagskrá skal lögð fram á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis, ásamt endanlegum tillögum sem koma eiga til afgreiðslu, eigi skemur en viku fyrir hluthafafund, en eigi skemur en tveimur vikum fyrir aðalfund.

Breytingartillögur

- 4.22 Löglega frambornar viðauka- og breytingartillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið frammi hluthöfum til sýnis.

Mál sem ekki eru á dagskrá

- 4.23 Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa í félaginu, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.
- 4.24 Komi fram tillögur undir dagskrárliðnum „Önnur mál“ verða þau ekki tekin til endanlegrar úrlausnar, sbr. gr. 4.23.

Fundarstjóri

- 4.25 Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

Fundargerðarbók

- 4.26 Halda skal sérstaka fundargerðarbók og skrá þar allar fundarsamþykktir og úrslit atkvæðagreiðslna, svo og gagnorðar fundargerðir. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá athugasemdir sem fram koma. Fundargerð skal undirrituð af fundarstjóra og fundarritara. Skulu fundargerðirnar síðan vera full sönnun þess sem fram hefur farið á hverjum hluthafafundi.

Atkvæðavægi

- 4.27 Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu, skal hlutkesti ráða.

5 Stjórn félagsins

- 5.1 Aðalfundur félagsins kýs 5 einstaklinga í stjórn félagsins og 5 einstaklinga til vara. Formaður stjórnar skal kosinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnarkjör er því aðeins gilt að kynjahlutföll í stjórn sé sem jöfnust og skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%. Um hæfi þeirra fer að lögum.
- 5.2 Verði niðurstaða kosninga í stjórn félagsins þannig að kynjahlutföll skv. gr. 5.1 náist ekki telst kosningin ógild og skal þá endurtaka kosninguna. Náist niðurstaða ekki eftir endurteknar kosningar skal fresta stjórnarkjöri til framhaldsaðalfundar sem haldinn skal innan mánaðar og auglýstur sérstaklega með sama hætti og hluthafafundir. Skal stjórnarkjör endurtekið með sama hætti svo oft sem þarf þar til kynjahlutföllum er náð.

Framboð

- 5.3 Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu tilkynna félagsstjórn um framboð sitt skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal koma fram auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.
- 5.4 Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi, með sannanlegum hætti, kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Ef ekki er bætt úr göllum á framboðstilkynningunni frestsins, úrskurðar félagsstjórn um gildi framboðs. Unnt er að skjóta niðurstöðu félagsstjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.
- 5.5 Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

6 Stjórnarkjör

- 6.1 Stjórnarkjör fer fram sem meirihlutakosning milli einstaklinga.
- 6.2 Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.
- 6.3 Krafa um hlutfalls- eða margfeldiskosningu skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund.

7 Verkaskipting stjórnar

- 7.1 Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Stjórnarfundir skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Fund skal og jafnan halda ef einhver stjórnarmanna eða forstjóri krefjast þess.
- 7.2 Stjórnarmönnum er heimil þátttaka í stjórnarfundum með fjarskiptabúnaði.

8 Viðfangsefni stjórnar

- 8.1 Málefni sem varða breytingar og áhrif á rekstur kerfislega mikilvægra fjármálainnviða skulu ávallt tekin til umræðu í stjórn félagsins. Stjórn félagsins skal einnig ávallt taka ákvörðun um hvers kyns nýtt samstarf um rekstur fjármálainnviða að fenginni tillögu þess efnis frá faglegum vettvangi um þróun og stefnumótun fjármálainnviða (fram tíðarvettvangi).

9 Stjórnarfundir

Lögmæti stjórnarfunda

- 9.1 Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna tekur þátt í fundarstörfum. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur.

Atkvæðagreiðslur

- 9.2 Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, tillögur falla á jöfnum atkvæðum. Sé kosið á milli manna og falli atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða.

Fundargerðabók

- 9.3 Félagsstjórn skal halda fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og stjórnarmenn staðfesta hana með undirskrift sinni. Heimilt er að notast við rafræna undirritun.

Markmið og skyldur

- 9.4 Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og setur félaginu markmið í rekstri með hagsmuni þess og hluthafa að leiðarljósi í samræmi við tilgang félagsins. Stjórnin ræður félagsmálum milli hluthafafunda og skuldbindur félagið með ályktunum sínum og samningum.
- 9.5 Stjórnin ræður forstjóra ákveður ráðningarkjör og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning.
- 9.6 Stjórnin veitir prókúruumboð.
- 9.7 Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.
- 9.8 Félagsstjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar.

Stjórnarnefndir

- 9.9 Ef kjörnar eru nefndir á vegum stjórnarinnar samkvæmt ákvæðum í starfsreglum skulu niðurstöður þeirra einungis vera leiðbeinandi fyrir stjórnina en hún ekki bundin af þeim við afgreiðslu einstakra mála nema mælt sé fyrir um á annan veg í lögum.

10 Forstjóri

- 10.1 Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við þær reglur sem honum eru eða verða settar af stjórn félagsins. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikils háttar.
- 10.2 Forstjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.
- 10.3 Forstjóri er skyldur til að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Honum ber að veita endurskoðanda allar þær upplýsingar sem hann óskar.

11 Reikningar og endurskoðun

- 11.1 Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningurinn skal endurskoðaður af endurskoðunarfélagi. Á aðalfundi skal kjósa endurskoðunarfélag til eins árs í senn.

12 Eigið hlutafé félagsins

- 12.1 Félaginu er heimilt að kaupa og eiga eigin hluti að því marki sem lög heimila. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutum sem félagið á sjálf. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hlutahafafundar til handa félagsstjórn. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé má ekki vera til lengri tíma en fimm ára hverju sinni.

13 Breytingar á samþykktum félagsins

- 13.1 Samþykktum félagsins má einungis breyta á löglegum hlutahafafundi félagsins, enda sé þess rækilega getið í fundarboði, að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst í meginatriðum. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hlutahafafundinum.

14 Slit á félaginu

- 14.1 Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu, og fer þá um tillögur þar að lútandi skv. XIII. kafla hlutafélagalaga.

15 Samruni og skipting

- 15.1 Um samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög eða skiptingu fer eftir ákvæðum XIV. kafla hlutafélagalaga.

16 Önnur ákvæði

- 16.1 Þar sem ákvæði samþykpta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög.



Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins.

Reykjavík, 15. desember 2010

Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins.

Reykjavík, 1. júní 2012

Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins.

Reykjavík, 22. mars 2013

Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins.

Reykjavík, 26. mars 2014

Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins.

Reykjavík, 28. mars 2017

Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins.

Reykjavík, 13. maí 2020

Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins.

Reykjavík, 10. desember 2021

Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins.

Reykjavík, 23. mars 2023